

17

Ferð að regnmáli, Rm-1, við Hvalvatn.

12. okt. 1948.

**Dáttakendur:**

Veðurstofustjóri, frá Theresía Guðmundsson, sem  
hafði yfirumsjón með verkinnu.

Sigurjón Rist

Einar Jónsson

Hjalti Einarsson

Oddur Danielsson, bílstjóri.

Ekið var á bifreiðinni R-3097, lagt af stað frá Reykjavík kl. 12<sup>45</sup> og komið að Stóra-Botni, Hvalfirði kl. 14<sup>45</sup>. Þar þettist Jón bóndi Þorkelesson í hópin og var þá gengið á fjall upp, að regnmálin, Rm-1, sem var um miðja veginni milli Breiðafoss og Hvalvatnsá. Mælirinn var oltinn um fyrir nokkru og var stlunin að setja hann á laggirnar á ný og var því leiðangurinn útbúinn með þrjár nýjar burðarstengur (2" rör 6 m löng) og stálbolta í festingar, 3/8 x 1 1/4" SAE. Regnmálinn var færður um 150 m til norðausturs og komið þar ógugglega fyrir á ný - grafið niður um metir fyrir undirstöðum og borið grjótt að. Hann er í um 400 m hæð.

Á Rm-1 var sett:

- 1) 6 kg  $\text{CaCl}_2$  (Kalsíum cloríð), sem innihélt 24.8% vatn, samkv. rannsókn A-822, það svarar til að efnið hafi verið í forminu  $\text{CaCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$  (24.5% vatn). 6 kg innihaldið þá 4.51 kg hreint  $\text{CaCl}_2$  og 1.49 kg vatn.
- 2) 6,060 kg vatn.
- 3) 500 gr. paraffínolía, sem skv. rannsókn A-821 sýndi: Eðlisþ. 0.862, uppgufun (1 klet. við 100°C) 0.6%, vefljótandi við + 10°C en stöðnnú við + 20°C.

Þegar þetta hafði verið sett á geyminn var hæðin frá brún og niður að innihaldinu mæld með summer. Hæðin reyndist nálægt 92 cm þar sem mælirinn er 5 m hæð ofan jarðar tekur hann mikið á sig í snörpum veðrum. Jón bóndi taldi sig hafa séð skvettur upp úr honum meðan hann var uppistandandi og ofsarok var á, og þá einnig séð hann blautannutan þótt þurrt veður væri bara ef var misvinda og byljótt. Það er því meiri hætta á skvettum úr geyminum, þar sem rifa er á milli hans og trektarinnar.

Ekki var hægt að bæta úr þessum göllum þá á staðnum, en Jón bóndi að Stóra-Botni tók að sér að setja þrjú stög á mælinn og þetta rifurnar ef honum yrði sent efni sem með þyrfti, það var og

gert næsta dag.

Verkinu var lokið kl 19<sup>30</sup>. Komið til Reykjavíkur kl 1 um nóttin